

Fundargerð 90. fundar stjórnar Próunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 08. maí 2014, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Árni Sigfússon,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

~~Sigrún Árnadóttir, varamaður~~

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvstj., sem jafnframt ritaði fundargerð.

Karlotta Aðalsteinsdóttir, frá Ríkisendurskoðun, kom inn á fundinn undir lið nr. 2 ásamt Ástu Lárusdóttur fjármálastjóra ÞK.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Ársreikningur fyrir árið 2013.*

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu upplýsingar úr ársreikningi.

Samkvæmt rekstarreikningi var 39,9 m.kr. hagnaður af rekstri félagsins.

Fjárfesting í áhöldum og tækjum á árinu nam 1,7 m.kr. Eignir félagsins námu

1.375,6 m.kr, skuldir 727,2 m.kr. og eigið fé félagsins nam 648,4 m.kr. í árslok 2013.

Stjórnarformaður bar ársreikning 2013 upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. *Fjárhagsleg endurskipulagning Háskólavalla*

Framkvæmdastjóri greindi frá vinnu við endurskipulagningu Háskólavalla.

Unnið er að því að halda vinnunni áfram í þeim farvegi sem það er í í dag í samráði við fjármálaráðuneytið sem er eigandi ÞK.

4. *Umhverfismál á Ásbrú*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn vinnu að skipulagi að gróðursetningu á Ásbrú. Stjórn tók jákvætt í þá vinnu og telur það vera spennandi verkefni að græða upp Ásbrú og gera svæðið vistvænni.

5. Önnur mál

*Þóknun til varamanns*

Rætt var um að laun varamanns yrðu leiðrétt og var það samþykkt af eiganda.

Taka þarf ákvörðun um það á aðalfundi og staðfesta.

*Greiðsla vegna byggingar #635.*

Greiðslur vegna kaupa Luxe China á bygg. #635 hafa ekki skilað sér vegna gjaldeyrishamla í Kína. Stjórn ákvað að gefa kaupanda smá frest fram í júní til að greiða úr málum.

Engin önnur mál voru rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40



Fjöa Hunda Björnsd.